



Ályktun um leiðréttingu forsendubrests

Þing Starfsgreinasamband Íslands getur ekki og ætlar ekki undir nokkrum kringumstæðum að sætta sig við það grímulausa óréttlæti sem íslensk heimili hafa mátt þola frá hrúni. Stórum hluta forsendubrestsins hefur verið varpað miskunnarlaust yfir á heimili landsins á sama tíma og slegin hefur verið skjaldborg utan um kröfuhafa og erlenda vogunarsjóði.

Þingið krefst þess að bankar og fjármálastofnarnir þessa lands leiðrétti skuldir heimilanna með fullnægjandi hætti vegna forsendubrestsins.

Þing Starfsgreinasambandsins vill að það komi skýrt fram að heimili landsins eru ekki að biðja um neina ölmusu heldur einungis sanngjarna leiðréttingu á þeim forsendubresti sem varð hér í kjölfar efnahagshrunsins.